

Skattaleg áhrif íslensks kvikmyndaiðnaðar árið 2025



*Börn náttúrunnar (1991) –
Friðrik Þór Friðriksson*

Um skýrsluna og fyrirvarar

Á haustmánuðum 2024 óskaði Samband íslenskra kvikmyndaframleiðenda (SÍK) eftir því við Reykjavík Economics að ráðgjafarfyrirtækið legði mat á skattaleg áhrif íslenska kvikmyndaiðnaðarins. Á undanförunum árum hefur kvikmyndaiðnaðinum vaxið fiskur um hrygg. Innlend sem og erlend framleiðsla hefur fengið mikla dreifingu bæði heima og heiman.

Í samráði við SÍK var ákveðið að úttektin tæki til skattalegra áhrifa kvikmyndageirans og tengdra greina.

Gagnaöflun fór þannig fram að upplýsingum var safnað saman frá Hagstofu Íslands og Skattinum. Sérfræðingum þessara stofnanna er þakkað sérstaklega fyrir gott samstarf.

Skattaleg áhrif kvikmyndageirans fyrir árin 2022 og 2023 og aðrar hagtölur eru á hlaupandi verðlagi nema annað sé tekið fram. Skattaleg áhrif reiknast fyrir ISAT númer 59 sem auk kvikmynda- og þáttaframleiðslu inniheldur líka dreifingu, kvikmyndasýningar, hljóðupptöku og tónlistarútgáfu. Gögn voru ekki aðgengileg fyrir undirflokkka ISAT 59.

Inngangur og samantekt

Verkbeiðni

Skýrsla þessi er unnin að beiðni Sambands íslenskra kvikmyndaframleiðenda – SÍK og miðast við þau gögn sem voru tiltæk í desember 2024.

Aðferðafræði

Leitað var gagna í opinberum gagnagrunnum hjá Hagstofu Íslands, SÍK, Skattinum, o.fl.

Greining á skattalegum áhrifum byggir á skilgreiningu Hagstofu Íslands um einkennandi greinar iðnaðarins sem eru:

Framleiðsla á kvikmyndum, myndböndum og sjónvarpsefni; hljóðupptaka og tónlistarútgáfa (ÍSAT nr. 59)

Snertifletir

Kvikmyndaiðnaður er þess eðlis að hann snertir á margskonar starfsemi í hagkerfinu sem of langt mál væri að telja upp.

Allir útreikningar og forsendur skattalegra áhrifa miðast við ofangreinda skilgreiningu á einkennandi atvinnugreinum iðnaðar.

Samkvæmt skilgreiningu Hagstofu Íslands, voru 1.063 fyrirtæki starfandi í atvinnugreininni í árslok 2022 en 1.090 í árslok 2023.

Verkefnið

Markmið verkefnisins er að skilgreina skattaleg áhrif íslensks kvikmyndaiðnaðar í þröngum sem og víðum skilningi.

Niðurstaða

Niðurstaða skýrslunnar er að skattaleg áhrif kvikmyndagerðar á Íslandi sé meiri en hún fær í styrki. Árið 2023 var skattalegt framlag hennar um 7,4 milljarðar kr. með virðisaukaskatti en styrkir til kvikmyndagerðar og kvikmyndanáms námu samtals 4,7 milljörðum á árinu 2023.

Styrkir og endurgreiðslur til kvikmyndagerðar

Styrkir til kvikmyndaiðnaðar

Eins og í öðrum þróuðum ríkjum eru styrkir veittir til kvikmyndaiðnaðar. Á vef Kvikmyndamiðstöðvar Íslands kemur eftirfarandi fram:

Í frumvarpi til fjárlaga árið 2025 kemur fram að áætluð framlög úr ríkissjóði til kvikmyndamála fyrir næsta ár verði 7.213,7 m.kr. Þar af muni framlög til Kvikmyndasjóðs nema 1.023,1 m.kr. Í fjárlögum ársins 2024 var framlagið 1.114,3 m.kr. Breytingarnar skýrast annars vegar af því að tímabundin fjárheimild að upphæð 113 m.kr. sem kom inn í ramma sjóðsins árið 2024 er að ganga til baka og þess í stað er að koma varanleg fjárheimild að upphæð 100 m.kr., og hins vegar af kröfu um aukið aðhald í ríkisfjármálum.

Þá hækkar fjárheimild til endurgreiðslna vegna kvikmyndagerðar um 3.569,1 m.kr. á milli ára en í frumvarpi til

fjárlaga 2025 nemur áætluð fjárheimild 6.063 m.kr. en var 2.493,9 m.kr. árið 2024.

Endurgreiðslukerfið heyrir undir menningar- og viðskiptaráðuneyti sem hefur falið Kvikmyndamiðstöð Íslands umsjón þess

Kvikmyndamiðstöð Íslands (KMÍ) veitti f.h. menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytisins endurgreiðslur sem námu samtals 3,4 milljörðum króna árið 2022 til innlendra og erlendra verkefna. Endurgreiðslurnar námu 3.059 milljónum árið 2023.

Endurgreiðslurnar eru veittar á grundvelli laga nr. 49/1999 og reglugerðar nr. 450/2017.


Samanlagðir styrkir til kvikmyndagerðar og kvikmyndanáms námu 4,7 milljörðum króna árið 2023.

Styrktarliður	Framlög ríkissjóðs í millj. króna	Heimild
Endurgreiðslur til kvikmynda	3.059	KMÍ
Kvikmyndamiðstöð Íslands – rekstur	175	Fjárlög 2023
Kvikmyndasjóður – styrkir	1.182	Fjárlög 2023
Kvikmyndaskóli Íslands – kvikmyndanáms	160	Fjárlög 2023
Litháskóli Íslands - kvikmyndanáms	160	Fjárlög 2023
Samtals	4.736	


Endurgreiðslur til kvikmynda- og sjónvarpsframleiðslu á Íslandi

Íslenskri kvikmynda- og sjónvarpsgerð hefur vaxið fiskur um hrygg á undanförunum tveimur áratugum. Einn grunnþáttur í þessari velgengni var sú stefnumörkun stjórnvalda að innleiða endurgreiðslu vegna framleiðslu kvikmynda hér á landi. Fyrst í stað nam endurgreiðslan 12% árið 1999 en hefur verið stighækkandi til dagsins í dag. Núverandi endurgreiðslu-fyrirkomulag gerir ráð fyrir að 25% af innlendum framleiðslukostnaði sé endurgreiddur en í ákveðnum tilfellum getur endurgreiðsla til stærri verkefna numið 35%.

Endurgreiðslur vegna kvikmynda- og sjónvarpsgerðar námu um 3 milljörðum króna á árinu 2023 á verðlagi ársins 2024. Þar af námu endurgreiðslur vegna erlendar framleiðslu rúmum 800 milljónum króna. Endurgreiðslurnar hækkuðu verulega á árinu 2024, sbr. myndin hér til hliðar. Sú hækkan kom fyrst og fremst til vegna erlends verkefnis sem uppfyllti skilyrði um 35% endurgreiðslu. Endurgreiðslan til þess verkefnis nam 4 milljörðum króna.



Framlög ríkissjóðs til Kvikmyndasjóðs á föstu verðlagi m.v. ágúst 2024



Samkeppnishæfni íslensks kvikmyndaiðnaðar



Samkeppnishæfni íslensks kvikmyndaiðnaðar

Stuðningur íslenskra stjórnvalda við kvikmynda- og sjónvarpsframleiðendur hefur gert iðnaðinum kleift að byggja upp blómlega starfsemi. Iðnaðurinn hefur tekið stakkaskiptum bæði hvað varðar fjölda verkefna og gæði þeirra. Mannauður íslenskrar kvikmyndagerðar er framúrskarandi en þar hefur skipt mestu þekkingarmiðlun erlendra kvikmyndagerðarmanna sem margir hverjir hafa unnið til fjölda verðlauna á þessu sviði. Án 25% endurgreiðslunnar er ólíklegt að þessum árangri hefði verið náð. Í hvítbók fráfarandi ríkisstjórnar eru gefin fyrirheit um frekari uppbyggingu greinarinnar en þar segir:

„Kvikmyndagerð hefur orðið sífellt mikilvægari þáttur í íslensku atvinnu- og menningarlífi síðustu ár. Tækifærin innan greinarinnar eru mikil og hafa áhrif á atvinnu um allt land. Alþjóðlega samkeppnishæft stuðningskerfi við framleiðslu kvikmynda- og sjónvarpsefnis verður eflt. Við ætlum að styðja enn frekar við greinina með hærri endurgreiðslum á skýrt afmörkuðum þáttum til að stuðla að því að fleiri stór verkefni verði unnin alfarið á Íslandi og tryggja aukinn fyrirsjáanleika í fjármögnun kerfisins.“

„Alþjóðlega samkeppnishæft stuðningskerfi við framleiðslu kvikmynda- og sjónvarpsefnis verður eflt. Stutt verður enn frekar við greinina með hærri endurgreiðslum á skýrt afmörkuðum þáttum til að stuðla að því að fleiri stór verkefni verði unnin alfarið á Íslandi og tryggja aukinn fyrirsjáanleika í fjármögnun kerfisins.“

Samkeppnisstaða innlends kvikmyndaiðnaðar fór lengi vel versnandi vegna breytinga á skattafsláttum og endurgreiðslum í nágrannalöndunum. Ísland er eftirsóknarverður kvikmyndatökustaður vegna náttúrugæða og mannauðs. Helstu samkeppnisaðilar Íslands á þessu sviði eru:

- Kanada, vegna kvikmyndatöku að vetri til og nálægðar við Bandaríkin.
- Írland, vegna hás skattaafsláttar og svipaðs landslags og hér á landi. Einnig eru til staðar kvikmyndaver sem gera það að verkum að hægt er að framleiða kvikmyndir og sjónvarpsefni frá A til Ö.
- Bretland, hefur lengi verið í fremstu röð þegar kemur að framleiðslu kvikmynda og sjónvarpsþátta. Fjölbreyttur og vel menntaður mannauður gerir landið eftirsóknarvert. Bretland hefur að mörgu leyti sömu samkeppnisyfirlur og Írland en þó eru skattalegar ívilnanir lægri.
- Ungverjaland er vaxandi kvikmyndagerðarland en í kjölfar ívilnana hefur verið fjárfest í kvikmyndaverum en grunnurinn að þeirri fjárfestingu var endurgreiðsla til kvikmynda. Hún nemur núna 30%.

Alþingi samþykkti lög í júní 2022 þar sem endurgreiðslan var hækkuð í 35% að uppfylltum neðangreindum skilyrðum sem koma fram á heimasíðu Kvikmyndamiðstöðvar Íslands:

- Til þess að njóta 35% endurgreiðslu þurfa verkefni að auki að uppfylla eftirfarandi þrjú skilyrði:
- Að kostnaður sem fellur til hér á landi við framleiðsluna sé að lágmarki 350 milljónir króna.
 - Að tókudagar vegna verkefnisins (e. principal photography) séu að lágmarki 30, þó þannig að heimilt sé að telja daga við eftirvinnslu (e. post production) inni í þeim dagafjölda. Samtala heilla starfsdaga við tókur og eftirvinnslu skulu því samtals vera að lágmarki 30, þó þannig að tókudagar verði ekki færri en 10.
 - Að fjöldi starfsmanna þeirra sem komi með beinum hætti að framleiðslunni hérlendis verði að lágmarki 50. Þar er miðað við heilan starfsdag hvers þeirra 50 sem til eru nefndir og heimilt er að telja mæði launþega og verktaka við framleiðsluna. Við talningu á heilum starfsdegi er vísað til 8 stunda vinnudags og því er heimilt að telja 50 starfsdaga sem vinnuframlag fleiri einstaklinga, þó hver þeirra vinni skemmri tíma.

Sjónvarps og útvarpsrekstur á Íslandi

Atvinnuflokkun

ÍSAT 59 atvinnugreinaflokkurinn tekur ekki til rekstrar sjónvarps- og útvarpsstöðva. Ríkisútvarpið (RÚV) er innan ÍSAT 60 (Útvarps- og sjónvarpsútsending; dagskrágerð) en starfsemi Símans og Sýnar er innan ÍSAT 61 (Fjarskipti).

Eftir lauslega könnun þá virðist mest af efni innlendu dagskrágerðarefni Símans og Sýnar fyrir sjónvarp aðkeypt, nema fréttáútsendingar og útvarpsútsendingar Sýnar.


RÚV er með töluverða framleiðslu innanhúss, t.d. dagskrárefni tengt fréttabáttum, íþróttum, barnaefni o.s.frv. Ársreikningar RÚV gáfu ekki glögga mynd af eigin framleiðslu RÚV en ljóst er að hún umfangsmikil.

Mikill vöxtur


Íslenski kvikmyndaiðnaðurinn hefur vaxið ört og hefur fjöldi fyrirtækja í atvinnugreininni farið úr 286 árið 2002 í 1.090 árið 2023. Einnig hefur fjöldi launþega margfaldast eða úr 263 árið 2003 í 791 árið 2023.

Nokkrar sveiflur í tekjum atvinnugreinarinnar á föstu verðlagi – velta samkvæmt vsk skýrslum

Rekstrarumhverfið hefur verið nokkuð stöðugt og COVID-19 hafði lítil áhrif á kvikmyndaiðnaðinn m.v. aðrar atvinnugreinar. Þessi árangur náðist vegna samstarfs framleiðenda við sóttvarnaryfirvöld




Þróun fjölda fyrirtækja



Heimild: Hagstofa Íslands & Skatturinn

Þróun fjölda launþega



Heimild: Hagstofa Íslands & Skatturinn

Laun í kvikmynda- og sjónvarpsgerð

Vinumarkaður og laun

Meðallaun í ÍSAT 59 atvinnugreinaflokkuninni voru að jafnaði kr. 671.619 árið 2023. Til samanburðar var meðaltal heildarlauna fullvinnandi launafólks kr. 868.000 árið 2023. Laun í ÍSAT 59 flokknum voru því 77% af meðaltalinu.

Af hverju stafar þessi launamunur? Tilgáta skýrsluhöfunda er að atvinnugreinin hafi einkenni launamunar t.d. á milli sjálfstæðu leikhúsanna og stóru atvinnuleikhúsanna. Margir ungir kvikmyndagerðarmenn eru að hasla sér völl í greininni og sætta sig því við að vinna á lágmarkslaunum til að koma sér og sínum verkum á framfæri við almenning og aðra hagaðila.

Þetta er fórnarkostnaður þess að vinna í listum í stað þess að taka að sér hefðbundna vinnu þar sem launakjör eru betri.

Langtímaráðningar er eingöngu að finna í stórum stofnunum sem reknar eru með miklum opinberum stuðningi og þar eru launin hæst.

Því er ekki til að dreifa í kvikmyndagerð.

Kvikmyndaframleiðsla er í eðli einstakt framleiðsluverkefni í hvert skipti sem byggir á tímabundnum ráðningum til þess að tryggja sveigjanleika og áhættunni er skipt milli framleiðanda og verktaka.

Listamenn og tæknilegt starfsfólk vinnur sem íhlaupastarfsfólk (e. freelance) og sjálfstæðir verktakar.

Framboð af vinnuafli einkennist af endurteknum og óreglulegum umskiptingum á milli atvinnu og atvinnuleysis eða annarra íhlaupastarfa (Towse 2019).

Einn þekktasti kvikmyndagerðamaður samtímans, Christopher Nolan, framleiddi sína fyrstu kvikmynd, *Following* (1998) fyrir um sex þúsund bandaríkjadali en naut vinnuframlags vina sinna í fríðu. Kvikmyndin var upphaf ferils Nolan og í raun hans kvikmyndaskóli. Hans næsta mynd *Memento* (2000) var gerð fyrir níu milljónir Bandaríkjadala og hans fjórða kvikmynd *Batman Begins* (2005) fyrir um 150 milljónir dala.

Verktakalaun við stórframleiðslu

Leitað var eftir upplýsingum frá kvikmyndaframleiðendum og þjónustufyrirtækjum í geiranum til þess að renna stoðum undir fyrrgreinda tilgátu.

Upplýsingar bárust um þrjú nýleg stórverkefni og verkatakakjör í þeim. Það er hve háar verkefnatengdar greiðslur voru til listamanna og tæknilegs starfsfólks að jafnaði á viku að gefnum ákveðnum vinnutíma. Taflan hér á eftir sýnir niðurstöðuna úr úrtakinu.

Verktakagreiðslur í stórverkefnum eru mun hærri en meðallaun í atvinnugreininni gefa til kynna. Hefðbundið verktakaálag er milli 30% til 40% eftir eðli verkefna og undirliggjandi kostnaði verktaka.

Miðað við hæstu verktakalaun í greininni og 40% kostnaðarhlutfall vegna launatengdra gjalda og annars rekstrarkostnaður þá gætu framtalin laun á mánuði numið tæpum 1,3 milljónum á mánuði. Þá er m.v. 12 tíma vinnudag og 22 vinnudaga. Annar rekstrarkostnaður gæti falið í sér síma, bifreið, skrifstofu o.s.frv.

Verkefni A (12 tíma dagar) 2024

Meðaltalsgreiðsla á viku ef eingöngu heilir dagar, fimm daga vika og án dagpeninga = **kr. 487.190** (dagurinn á kr. 97.438)

Verkefni B (10 tíma dagar) 2024

Meðaltalsgreiðsla á viku ef eingöngu heilir dagar, fimm daga vika og án dagpeninga = **kr. 349.425** (dagurinn á kr. 69.885)

Verkefni C (12 tíma dagar) 2023

Meðaltalsgreiðsla á viku ef eingöngu heilir dagar, fimm daga vika og án dagpeninga = **kr. 393.415** (dagurinn á kr. 78.683)

Verkefni D (12 tíma dagar) 2022-23

Meðaltalsgreiðsla á viku ef eingöngu heilir dagar, fimm daga vika og án dagpeninga = **kr. 335.755** (dagurinn á kr. 67.151)

Verkefnatengdar greiðslur til verktaka í stórframleiðslu

Virðisæðja kvikmyndaframleiðslu

Framleiðsluþáttur	Þjónustuaðilar	Stuðningsþjónustur
Þróun	Handritshöfundur, framleiðandi, leikstjóri o.s.frv	Rithöfundar, framleiðendur
Fjármögnun og forsala	Framleiðandi, framleiðslufyrirtæki, leikstjóri, kvikmyndasjóðir, alþjóðlegir kvikmynda- og sjónvarpssjóðir	Lögfræðileg þjónusta, fjármálaþjónusta
Framleiðsla, upptökur og eftirvinnsla	Leikstjóri, leikarar, framleiðandi, kvikmyndatökumaður, önnur áhöfn	Tæknimenn, eftirvinnsluteymi
Alþjóðleg sala og dreifing	Sjónvarpsstöðvar, kvikmyndahús og streymisveitur	Söluaðilar, markaðsfyrirtæki
Kvikmyndasýningar	Áhorfendur, gagnrýnendur, samfélagsmiðlar	Fjölmiðlar, markaðsfyrirtæki

Samkeppnishæfni íslensks kvikmyndaiðnaðar

Samspil ferðapjónustunnar og kvikmyndaiðnaðarins

Ferðamálastofa hefur áætlað að 37,4% ferðamanna sem hingað sækja hafi fengið hugmyndina vegna þess að þeir sáu íslenskt landslag í kvikmynd eða sjónvarpsefni.

Skapandi greinar og menntun

Þessu til viðbótar má nefna að mikil gróska er í listmenntun hér á landi og ein forsenda þess að nýútskrifaðir nemendur fái vinnu við sitt hæfi er sú að öflug kvikmyndafyrirtæki séu starfandi hér á landi sem mögulegir vinnuveitendur. Störf innan kvikmyndaiðnaðarins einskorðast ekki einungis við kvikmyndagerðarfólk heldur koma rithöfundar, myndlistarmenn, tónlistarfólk og leikarar við sögu.

Sem dæmi má nefna að kvikmyndamenntun er nú á 5. stigi framhaldsmenntunar en einnig er nám háskólastigi í Listaháskóla Íslands. Þegar er til staðar samstarfssamningur milli Kvikmyndaskóla Íslands og helstu framleiðslufyrirtækja landsins. Íslenskum kvikmyndaframleiðendum er mikið í

mun að efla nýja kynslóð kvikmyndagerðarmanna ásamt skapandi greinum.

Tækifærin framundan á Íslandi

Íslenskur kvikmynda- og sjónvarpsiðnaður stendur frammi fyrir nýjum áskorunum þar sem erlendir samstarfsaðilar vilja leita enn frekar til Íslands. Ástæður þessa eru eins og áður sagði, gæði mannaúts, gott vinnusiðferði, náttúra landsins og endurgreiðslur vegna framleiðslunnar skipta höfuðmáli.

Vegna áhuga erlendra framleiðanda á landi og þjóð hefur Ísland og íslensk menning í auknum mæli verið viðfangsefni kvikmynda og sjónvarpsþátta. Tækifærin hér liggja hjá innlendum listamönnum, sbr. rithöfundum, tónskáldum o.fl. þar sem ekki er hægt að spegla íslenskan samtíma eða sagnaarf án aðkomu heimamanna. Nefna má framleiðslu á vegum erlendra aðila eins og Game of Thrones, Prometheus, James Bond, Walter Mitty, Eurovision og Northman. Þetta efni hefur verið sýnt víða um heim og í sumum tilfellum í yfir 150 löndum. Hér er ótalinn árangur innlendra

sjónvarpsþátta á erlendum vettvangi, en þar má nefna Latibær, Ráðherrann, Brot, Ófærð og Kötlu.

Til að fullnýta þau alþjóðlegu tækifæri sem eru til staðar í íslenskum kvikmyndaiðnaði þurfa að vera innviðir til að geta framleitt kvikmyndir og sjónvarpsþætti frá hugmynd að veruleika.

Á vegum Íslandsstofu er starfrækt sérstök kynningarmiðstöð kvikmyndaframleiðslu á Íslandi – filmniceland.com.

Samkeppnishæfni íslensks kvikmyndaiðnaðar

- Uppbygging kvikmyndavars eins og í Ungverjalandi sem myndi efla áhuga erlendra kvikmyndaframleiðenda á því að koma með stór verkefni hingað til lands.
- Frekari miðlun þekkingar frá erlendum aðilum til innlendra kvikmyndagerðarmanna.
- Efling dreifðari byggða landsins. Kvikmyndatökur úti á landsbyggðinni leiða oft af sér fjárfestingu og viðhald bygginga sem annars hefði ekki verið farið í. Kvikmyndagerð skapar tækifæri fyrir heilsársopnun hótela og veitingastaða úti á landsbyggðinni.
- Fleiri störf skapast og aukin tækifæri fyrir ungt fólk sem hefur áhuga á að starfa innan greinarinnar.
- Sumir erlendir framleiðendur leggja áherslu á að fá reynslumikið fólk á miðjum aldri og hvetja til endurmenntunar fólks sem getur starfað innan iðnaðarins. Þar má nefna förðunarfræðinga, rafvirkja, hárgreiðslufólk, smíði, o.s.frv. Þar með talið fólk á miðjum aldri.
- Enn frekari efling kvikmyndanáms á Íslandi sem gæti orðið eftirsótt bæði heima og heiman.
- Smitáhrif á aðrar listgreinar og atvinnuvegi. Hér má nefna að mörg íslensk tónskáld hafa fengið tækifæri erlendis í kjölfar þess að vinna að íslenskum kvikmynda- og sjónvarpsverkefnum.
- Styður við menntun í skapandi greinum hér á landi.
- Ísland stendur vel að vígi þegar kvikmyndaframleiðendur horfa til sjálfbærni og umhverfismála. Þar má nefna græna orku, skýra endurvinnslustefnu og vottanir innlendra fyrirtækja. Stefna stjórnvalda í loftslagsmálum skiptir einnig máli.

Skattaáhrif launagreiðslna og tekjuskatts vegna framleiðslu á kvikmyndum, myndböndum og sjónvarpsefni; hljóðupptöku og tónlistarútgáfu (ÍSAT nr. 59) án virðisaukaskatts. Fast verðlag m.v. 2023

Skattaáhrif á verðlagi ársins 2023	Áætluð skattaáhrif 2023	Áætluð skattaáhrif 2022	Áætluð skattaáhrif 2021	Áætluð skattaáhrif 2020	Áætluð skattaáhrif 2019	Samanlagt skattaáhrif 2019 til 2023
Áætlaður tekjuskattur fyrirtækja	374.000.000	530.434.783	546.511.425	361.658.435	287.165.173	2.099.769.815
Mótframlag atvinnurekenda í lífeyrissjóð og séreign af meðalheildarlaunum	867.000.972	870.919.127	764.520.783	646.130.452	662.328.968	3.810.900.301
Tryggingagjald af meðallaunum	459.462.702	461.539.109	405.153.854	342.413.507	350.997.828	2.019.567.000
Tekjuskattur og útsvar launþega af meðallaunum	1.454.862.956	1.479.704.703	1.262.797.235	1.137.534.593	1.053.543.024	6.388.442.513
Samtals skattaáhrif – krónur	3.155.326.631	3.342.597.722	2.978.983.296	2.487.736.988	2.354.034.993	14.318.679.629

Virðisaukaskattur vegna framleiðslu á kvikmyndum, myndböndum og sjónvarpsefni; hljóðupptöku og tónlistarútgáfu (ÍSAT nr. 59)

Forsendur

Taka verður fram að innskattur er endurgreiddur á öllum stigum virðisaukaskattar en heildarútskatturinn lendir á endanlegum kaupenda vöru eða þjónustu.

Greiddur virðisaukaskattur (VSK) fyrirtækja innan ÍSAT 59 nam samtals 4,3 milljörðum króna árið 2023.

Virðisaukaskattur	2023	2022	2021	2020	2019
Virðisaukaskattur (útskattur) efra þrepi (24%) – eigin útreikningar	3.952.509.677	4.782.517.532	4.178.555.531	3.622.560.408	3.286.366.065
Virðisaukaskattur (útskattur) lægra þrepi (11%) – eigin útreikningar	297.118.919	292.557.775	200.492.572	122.672.848	263.429.057
Samtals greiddur útskattur VSK	4.249.628.596	5.075.075.307	4.379.048.103	3.745.233.256	3.549.795.122

Skattaáhrif á verðlagi ársins 2023	Áætluð skattaáhrif 2023	Áætluð skattaáhrif 2022	Áætluð skattaáhrif 2021	Áætluð skattaáhrif 2020	Áætluð skattaáhrif 2019	Samanlagt skattaáhrif 2019 til 2023
Áætlaður tekjuskattur fyrirtækja	374.000.000	530.434.783	546.511.425	361.658.435	287.165.173	2.099.769.815
Mótframlag atvinnurekenda í lífeyrissjóð og séreign af meðalheildarlaunum	867.000.972	870.919.127	764.520.783	646.130.452	662.328.968	3.810.900.301
Tryggingagjald af meðallaunum	459.462.702	461.539.109	405.153.854	342.413.507	350.997.828	2.019.567.000
Tekjuskattur og útsvar launþega af meðallaunum	1.454.862.956	1.479.704.703	1.262.797.235	1.137.534.593	1.053.543.024	6.388.442.513
Samtals skattaáhrif – krónur	3.155.326.631	3.342.597.722	2.978.983.296	2.487.736.988	2.354.034.993	14.318.679.629

Virðisaukaskattur	2023	2022	2021	2020	2019	Samtals VSK
Virðisaukaskattur (útskattur) efra þrepi (24%) – eigin útreikningar	3.952.509.677	4.782.517.532	4.178.555.531	3.622.560.408	3.286.366.065	19.822.509.213
Virðisaukaskattur (útskattur) lægra þrepi (11%) – eigin útreikningar	297.118.919	292.557.775	200.492.572	122.672.848	263.429.057	1.176.271.171
Samtals greiddur útskattur VSK	4.249.628.596	5.075.075.307	4.379.048.103	3.745.233.256	3.549.795.122	20.998.780.384

Samtals skattaáhrif kvikmyndaiðnaðar án innskatts VSK	7.404.955.227	8.417.673.028	7.358.031.399	6.232.970.244	5.903.830.115	35.317.460.013
--	----------------------	----------------------	----------------------	----------------------	----------------------	-----------------------

Samanlögð skattaleg áhrif íslensks kvikmyndaiðnaðar frá árinu 2019 til 2023

Niðurstaða skattalegra áhrifa

Án styrkja og annarra frádráttarliða námu skattaleg áhrif starfsgreinar innan ISAT 59, samtals 3 milljörðum króna á rekstrarárinu 2023 og sambærileg fjárhæð árið 2022, þ.e. án virðisaukaskatts (VSK).

Samtals skattaleg áhrif framleiðslu á kvikmyndum, myndböndum og sjónvarpsefni; hljóðupptöku og tónlistarútgáfu (ISAT 59) nam með virðisaukaskatti samtals 7,4 milljörðum árið 2023 og 8,4 milljörðum króna á árinu 2022.

Þegar tekið er tillit til styrkja, endurgreiðslna annarra millifærslna úr ríkissjóði, þá eru jákvæð heildarskattaleg áhrif kvikmyndaiðnaðarins um 2,7 milljarðar króna ef miðað er við fjárlög 2023 og skattalegt framlag ársins 2023.

Samanlögð skattaleg áhrif íslensks kvikmyndaiðnaðar frá árinu 2019 til 2023 eru jákvæð m.v. framlög ríkissjóðs til atvinnugreinarinnar

Niðurstöður

Kvikmynda- og sjónvarpsiðnaðurinn á heimsvísu hefur vaxið mikið á undanförunum árum. Ísland hefur notið þessa vaxtar vegna þeirrar framsýni íslenskra stjórnámálanna að koma á endurgreiðslu vegna framleiðslu á kvikmynda- og sjónvarpsefni. Þegar endurgreiðslan var innleidd árið 1999 nam endurgreiðslan 12%. Með tilkomu 25% endurgreiðslunnar árið 2017 hefur kvikmyndaiðnaðurinn vaxið gríðarlega. Nýlega var endurgreiðslan hækkuð í 35% í stærri verkefnum að uppfylltum ákveðnum skilyrðum.

Þar skiptir sköpum að íslenskur kvikmyndaiðnaður stendur að mestu jafnfætis þegar kemur að mannauði, þekkingu á framleiðslu, tæknivinnu o.s.frv. Endurgreiðslan hefur haft það í för með sér að fleiri starfa í faginu dag en áður. Samkeppnisstaða íslensks kvikmyndaiðnaðar hefur hingað til staðist væntingar erlendra framleiðenda enda verið að leita að kvikmyndastöðum í náttúru Íslands.

Mörg tækifæri hafa skapast fyrir íslenskt listafólk samhliða þessari uppbyggingu. Ekki er óalgengt að sjá íslenskum leikara bregða fyrir á hvíta

tjaldinu í erlendum verkefnum en einnig hafa mörg íslensk tónskáld notið velgengni heima og heiman.

Stefnumarkmið ríkisstjórnar Íslands er að efla iðnaðinn enn frekar. Sú viðleitni er af hinu góða en hún þarf að komast í framkvæmd sem allra fyrst. Ástæður þess er að áskorunin er sú að það vantar aðstöðu til að hægt sé að framleiða efni frá hugmynd að veruleika.

Staðreyndin er sú að íslenskur kvikmyndaiðnaður er í alþjóðlegri samkeppni og samkeppnisstaða hans hefur veikt m.a. vegna hækkingu gengis krónunnar, hás launakostnaðar og að endurgreiðslan er ekki samsamkeppnishæf við nágrannaríki okkar. Nefna má að skattaafsláttur í sumum ríkjum Kanada er mun hærri en hér á landi og þar eru íslenskir kvikmyndaframleiðendur í beinni samkeppni um kvikmyndatökur að vetri til.

Heildarskattaleg áhrif fyrir rekstrarárið 2023 námu 7,4 milljörðum króna, þ.e. með útskatti

virðisaukaskatts. Samsvarandi framlag á árinu 2022 nam 8,3 milljörðum króna.

Meginþorri greiddra skatta atvinnugreinarinnar var virðisaukaskattur.

Endurgreiðslur námu 3,1 milljörðum króna árið 2023. Framlag ríkissjóðs til Kvikmyndasjóðs nam samtals 1,6 milljarði kr. það sama ár.

Skattalegu áhrifin hafa aukist verulega miðað við fyrri ár. Ætla má að áhrifin verði en meiri á árinu 2024. Endurgreiðslur voru töluvert háar á því ári sem gefur vísbendingu um umsvif í atvinnugreininni.

Viðauki



*Englar alheimsins (2000) –
Fríðrik Þór Fríðriksson*

Úrtak úr rekstrarreikningum valinna framleiðslufyrirtækja

Forsendur

Skýrsluhöfundar gerðu samanburð á rekstri og efnahag nokkurra kvikmyndaframleiðslufyrirtækja og leituðu því til fyrirtækjaskrár Skattsins eftir ársreikningum nokkurra félaga fyrir árið 2023 og í einhverjum tilfellum fyrir rekstrarárið 2022. Hér að neðan er samantekt af rekstri nokkurra fyrirtækja sem valin voru af handahófi.

Framleiðslufyrirtæki	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	Samtals
Rekstrartekjur heild	5.991.169	1.458.332	1.229.542	1.093.205	893.111	481.427	435.982	285.938	267.556	140.826	12.277.088
Laun og launatengd gjöld	427.077	280.912	236.110	258.346	124.025	49.491	9.396	129.363	24.447		1.539.167
Annar rekstrarkostnaður	5.472.087	1.059.975	846.150	687.128	1.225.434	403.609	386.022	210.157	238.355	40.301	10.569.218
Hagnaður/ Tap ársins eftir skatta	308.467	22.438	2.238	99.969	- 60.300	23.318	150.279	- 42.363	1.619	74.931	580.596
Tekjuskattur fyrirtækja	20.115	11.959	564	24.997	- 26.857	- 5.829	6.660	-	239	-	31.848
Meðalfjöldi starfsmanna	10	21	10	18	8,3	4	1	10	2	-	84

Aðferðafræði útreiknings skattalegra áhrifa

Skattaleg áhrif

Fjármál hins opinbera hafa á undanförunum áratugum kallað á frekari skattheimtu. Umfang hins opinbera sem hlutfall af vergri landsframleiðslu (VLF) hefur farið vaxandi. Árið 1980 námu útgjöld hins opinbera hér á landi 34,1% af VLF en þau voru 47,5% árið 2022 án millifærslna. Vaxandi útgjöld hafa kallað á umfangsmeiri skattheimtu en áður. Þjónusta og innviðauppbýgging hins opinbera hefur vaxið í hlutfalli við aukin útgjöld.

Atvinnugreinar sem og stórfyrirtæki hafa verið undir sívaxandi þrýstingi að gera grein fyrir skattalegum áhrifum sínum. Sérstaklega þau fyrirtæki sem starfa víða um heim í mismunandi skattaumhverfi. Stjórnámálamenn sem og aðrir hagaðilar hafa því krafist þess að fyrirtæki og atvinnugreinar geri betri grein fyrir framlagi sínu til sameiginlegra málaflokka. Lengi hefur verið óljóst hvaða skatta fyrirtæki greiða og hversu mikið þau greiða í heild. Ársreikningar fyrirtækja og hefðbundnar reikningsskilaaðferðir gera einungis grein fyrir tekjuskatti fyrirtækja en ekki öðrum gjöldum og sköttum sem greiddir eru af

fyrirtækjum eða atvinnugreinum í heild.

Skattaleg áhrif taka í raun til allra skatta og gjalda sem einstaklingur, fyrirtæki eða atvinnugrein greiðir á ákveðnu tímabili, t.d. innan eins árs. Skattar og gjöld eins og tekjuskattur, fasteignaskattur, virðisaukaskattur o.s.frv. eru allt skattar sem flestir þekkja.

Þessi utanaðkomandi þrýstingur hefur því hvatt mörg fyrirtæki til að reikna út skattaleg áhrif sín í einstökum skattaumdæmum/-löndum eða jafnvel alþjóðlega.

Breska ráðgjafarfyrirtækið PricewaterhouseCoopers (PwC) hannaði aðferðafræði skattalega áhrifa fyrirtækja (e. Total Tax Contribution) sem tekur til hinna fimm P á ensku eða:

Profit taxes – eða tekjuskattar fyrirtækja. Hér er átt við skatta á hagnað fyrirtækja og skattar vegna þriðja aðila (e. withholding taxes).

People taxes – eða skattar á mannauð. Það er staðgreiðsla sem innifelur útsvar og tekjuskatt ásamt launatengdum gjöldum.

Product taxes – eða óbeinir skattar. Skattar sem leggjast á framleiðslu eða neyslu á vöru og

þjónustu, t.d. virðisaukaskattur, tollar, skattar á tryggingar og gjöld á áfengi og tóbak.

Property taxes – eða fasteignaskattar. Skattar á viðskipti með fasteignir, t.d. stimpilgjöld og aðrir tengdir skattar en að auki fasteignaskattar. Auðlindaskattar gætu t.d. átt heima innan þessa flokks.

Planet taxes – loftslagsskattar. Hér er átt við gjöld sem eru lögð á neyslu eða notkun á vöru eða þjónustu sem er talin skaðleg umhverfinu. Hér má nefna bifreiðagjöld, hafnargjöld, lendingargjöld, kolefnisgjöld, skatta á eldsneyti, gjöld og skatta vegna flutninga fólks og farms milli landa eða innanlands.

Íslensk fyrirtæki hafa í æ ríkari mæli birt skattaleg áhrif sín. Nefna má að í sjávarútvegi hafa skattaleg áhrif verið reiknuð út frá þeim gjöldum sem fyrirtæki greiða til ríkis og sveitarfélaga. Þar eru gjöld og skattar eins og veiðigjald, skattbyrði fyrirtækja vegna starfsfólks, afla- og hafnargjöld, skattar á eignir, tekjuskattur, kolefnisgjald, aðrir skattar sem og skattbyrði starfsfólks.